

Nr. 21-040 S 027 Þórsnes SH 109**Vélarvana og dregið til hafnar**

Skipaskr.nr. 2936
IMO 9152894
Útgerð: Þórsnes ehf.
Smíðaður: Solstrand AS Noregi, 1996, stál.
Stærð: 879,92 bt.
Mesta lengd: 43,32 m Skráð lengd: 38,39 m
Breidd: 10,50 m Dýpt: 7,10 m
Vél: Caterpillar, 749 kw, 1996
Fjöldi skipverja: 17



Þórsnes ©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 1. nóvember 2021 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti og Pálma K. Jónssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 25. apríl 2020 var Þórsnes SH 109 á grálúðunetum á NA miðum. Veður: Gola.

Á veiðunum varð skipið vélarvana og óskað var eftir aðstoð. Varðskipið Þór dró Þórsnes fyrst til Þórshafnar og eftir skoðun til viðgerðar á Akureyri.

Við rannsókn kom fram:

- að aðalvélin var stöðvuð til að skipta um leka kælimúffu milli aðalvélar og sjókælis;
- að þegar gangsetja átti aðalvélina eftir viðgerð snérist hún ekki;
- að eftir að búið var að tórna aðalvélinni nokkra snúninga náðist að gangsetja hana með töluverðu ventlaglamri á einum stroknum. Einnig slitnaði bolti fyrir spennistykki á eldsneytisloka;
- að við skoðun kom í ljós að kælivatn var komið inn á strokk aðalvélar;
- að eftir samráð við þjónustuaðila var ákveðið að draga skipið í land;
- að við skoðun kom í ljós að strokklokkspakkning (*heddpakkning*) var farin að leka og vatn hafið komst inn á strokka aðalvélar;
- að heildarupptekt á aðalvélinni var framkvæmd á Akureyri.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.